



Hlöðungur

3. árg., 2. tbl. Júlí 2007

Hlöðver í sólskinsskapi

Sólstöðuferð

Fyrsta verk nýrrar stjórnar var að skipuleggja árlega sumarferð Hlöðvers. Ein tillaga barst félaginu og var hún sú að ganga niður Brúarárskörð og enda í Úthlíð og grilla. Féll sú tillaga í góðan jarðveg og var undirbúningur vel á veg kominn þegar í ljós kom að vegurinn sem lá að upphafsstað göngunnar væri lokaður. Þurfti stjórn þá að hafa snör handtök og breyta ferðaáætluninni og ákvað að vera áfram á svipuðum slóðum en fara austar og inn að Hagavatni, skoða Jarlhettur, Hagafellsjökul og fleira ef tími gæfist til.

Sól og blíða var við brottför frá Þjóðarbókhöllu en þegar austur á Laugarvatn kom var orðið allhvasst og mikið moldrok á hálendinu. Inn við skála FFÍ við Hagavatn var það hvasst að fallið var frá þeirri hugmynd að ganga að Tröllhettu og til baka. Nóg væri að berjast upp að vatninu með moldrokið í andlitinu.

Að lokinni göngu og áningu var farið lengra inn á Kjalveg og gengið í Kór sem er uppborð fossagljúfur. Loks var ekið að Bláfellshálsi þar sem útsýni var með besta móti þótt ekki væri ákjósanlegt gönguveður.

Í Úthlíð höfðum við gamla bæinn til afnota og nýttu margir sér sundlaugina því ekki veitti af að núna sandi úr hársverði, eyrum og augum eftir daginn.

Loks var grillað og undi fólk sér hið besta við spjall og glens í kvöldsólinni. Hlöðver þakkar áhugasömum ferðafélögum samfylgdina og dáist að dugnaði þeirra sem ekki létu bugast með storminn í fangið.



Sigrún alsæl með sandspartlsmeðferðina a la Mecca Spa. "Mér finnst ég hafa yngst til muna við þetta!"

Fólk í fréttum

Afmælisbörn sumarsins



Stórafmælin hafa dunið yfir á árinu sem aldrei fyrr, og af sjö afmælisbörnum sumarsins átti aðeins eitt þeirra ekki stórafmæli. Var það sjálfur formaður Hlöðvers herra Jökull Sævarsson sem varð 47 ára þann 25. júní. Hann var enn í sólstöðuferð á afmælisdaginn.

Stórafmæli í sumar:

- Bryndís Ísaksdóttir varð sextug 7. maí
- Jens Ívar Albertsson varð þrítugur 20. maí
- Ragna Steinarsdóttir varð fimmtug 22. maí
- Kristinn Sigurðsson varð þrítugur 25. maí
- Helga Kristín Gunnarsdóttir varð fimmtug 14. júní
- Gróa Björnsdóttir varð sjötug 18. júní
- Hildur Gunnlaugsdóttir varð sextug 21. júní
- Hólmfríður Tómasdóttir verður sjötug 6. ágúst
- Auður Gestsdóttir verður sjötug 18. ágúst

Brúðkaupsfréttir

30.06.07 / 07.07.07

Jessica & Reynir / Guðlaug & Magnús



Hlöðver óskar þeim öllum hjartanlega til hamingju!

Nýr rekstraraðili matstofu

Ægir Finnbogason hefur tekið við rekstri matstofunnar og óskar Hlöðungur honum til hamingju með það. Matstofan var algerlega endurhönnuð við eigendaskiptin og eiga starfsmenn alltaf dúkað borð í horni salarins. Nýi stillinn er meira í anda matseldar Ægis sem oft er í ítölskum anda og á léttum og ljúfum nótum. Yfir matnum mun gestum gefast kostur á að hlusta á ítalska tónlist og á föstudögum verður alltaf Gelato eða Semi Freddo í eftirrætt.



Matstofan eftir breytingarnar

Gullkorn safngests

„Kristin trú er kúkur!“



Vinnufélagar kvaddir

Árið 2007 hverfa á braut nokkrir gamlir og góðir vinnufélagar. Hlöðver vill nota tækifærið og þakka þeim innilega fyrir dyggan stuðning og virkni í félaginu.

Forboðnar nætur - Marokkósk marínering

1/4 bolli grófsöxuð fersk steinselja

3/4 bolli grófsaxað kóríander

5 stór hvítlauksrif

1 1/2 tsk af hverju, salti, paprikudufti og kumindufti

1/2 tsk timian

1/4 tsk cayenne pipar

1/3 bolli nýkreistur sítrónusafni

1/3 bolli ólífuoía

Maukið í matvinnsluvél steinselju, kóríander og hvítlauk. Bætið salti, papriku, kumin, timíani og cayenne pipar. Blandið vel. Bætið loks sítrónusafna og ólífuoíu.

Maríneringartími:

Heill kjúlli, 3-4 tímar

Kjúklingabitar, 2-4 tímar

Lambasneiðar, 2-3 tímar

Fiskur og rækjur 2-3 tímar

Grænmeti 30-60 mínútur

Aldrei marinera við stofuhita lengur en klst.

Grillið eftir smekk.

Maríneringin er best fersk en geymist í ískkáp í 2-3 daga. Gott er að sveipa sig sjölum meðan matreitt er og mála dökkar línur um augun.

Úr bókinni: Dressed to grill : savvy recipies for girls who play with fire. Höf.: Karen Brooks, Diane Morgan og Reed Darmon.



Hlöðverjar á faraldsfæti

Ártal	Ákvörðunarstaður
1995	Pórsmörk
1996	Þjórsárdalur & Dublin
1997	Húsafell
1998	Hraunteigur— Galtalækur
1999	Reykholt
2000	Búrfellsgjá & á Njáluslóðir
2001	Síglit um Breiðafjörð
2002	Pórsmörk
2003	Landmannalaugar
2004	Kaupmannahöfn
2005	Gljúfrasteinn
2006	Pakgil
2007	Jarlhettur—Hagavatn
2008	???

Starfsmannafélagið hefur nú í rúman áratug staðið fyrir fjölda ferðalaga. Flestar hafa þær verið innanlands en tvisvar hafa Hlöðungar brugðið undir sig betri fætinum og skellt sér yfir hafið. Hér til vinstri má sjá yfirlit yfir þær ferðir sem farnar hafa verið og geta margir rifjað upp skemmtileg atvik úr þeim.

Láttu þig ekki vanta í Hlöðver!



Gaman saman!

Annað gullkorn

„Er ekkert inni á heftinu hjá þessum heftara?“

Tapast hafa

5 kg. af sméri

á veginum frá Grímsnesi til Reykjavíkur. Finnandi skili á Kárastíg 6, kjallarann.

Konunglega fjelagið fékk höfðingja í heimsókn þegar hin konunglega hátign Benedikta Danaprinsessa sótti safnið heim í maí



Guðrún Eggerts túlkur (t.h.) leiddi Benediktu um safnið. Hér tekur hún við áritaðri naglaþjöl sem prinsessan gaf í minjasafn Konunglega fjelagsins. Guðlaug Guðmunds formaður (í miðri) fylgist spennnt með.

Þriðja gullkornið

„Íslenska þjóðin er 20.000 tonn af skít!“



Ódýrar cigarettur

New York	pakkinn 40 aura	Emu, 20 stk.	80 aura
Piedmont	› 40 ›	Cycle 20	› 60 ›
Oxford (tyrkn.)	› 70 ›	Melba 20	› 85 ›
Westminster (Reg.)	› 45 ›		

Plötutóbak (svart og gult) 40 aura platan. Neftóbak.

Litla Búðin. Sími 529.



Ritstjórn: Þórný Hlynsdóttir, Bryndís Vilbergsdóttir, Jökull Sævarsson og Hallfríður Baldursdóttir
Hönnun: Ýmsir
Ljósmyndir: Ýmsir **Stílisti:** Guðrún Eggerts
Hár og fördun: Hekla Páls með Gucci snyrtivörum

Ár svínsins

Árið 2007 er ár svínsins samkvæmt kínverskri stjörnuþeki. En þetta svín er ekkert letisvín, nei þetta er svín eldsins og fer eins og raketta út um allar trissur, ætlar að mála, ferðast til Bali eða Parísar, kynnast nýju fólki, verða ástfangið (jafnvel upp á nýtt— hvað er langt síðan ég og ástin mín fórum í bað saman?). Ef farið er að ráðum svínsins ætti árið að verða eftirminnilegt. Við skulum horfa yfir farinn veg og fagna því sem áunnist hefur og taka fagnandi móti nýjum atburðum í minningabankann. Muna svo að slaka á og njóta lífsins, þakka það sem það hefur fært okkur. Sólríkt sumar, góða vinnufélaga, frábæra fjölskyldu og síðast en ekki síst nýjan Hlöðung.

Ný stjórn Hlöðvers

Á aðalfundi félagsins sem haldinn var 13. apríl 2007 var ný stjórn kjörin. Hana skipa Jökull Sævarsson, Hallfríður Baldursdóttir, Hekla Pálsdóttir, Guðrún Eggertsdóttir, Bryndís Vilbergsdóttir og Þórný Hlynsdóttir eru varamenn. Stjórn hefur skipt með sér verkum og er Jökull formaður og Hallfríður gjaldkeri.



Ný stjórn Hlöðvers á sínum fyrsta stjórnarfundum

Hildur Gunnlaugs gerist geitabóndi

Hún bauð öllum í höfðinglegan lautartúr að í tilefni og heimtaði bara geitur í afmælisgjöf. Þær dvelja nú í góðu yfirlæti á búgarði hennar í Afríku.



„Gibba kibba gaman, komið allir saman...“ sungu Gibb bræður sem Hildur hefur lengi haft mikið dálæti á.

Ferðalög



Parísarferð 18. aldar félagsins

Í hana fóru þrjár galvaskar konur úr Þjóðarbóklöðu og heyrst hefur að ein hafi splæst í nýja dragt af því tilefni.

Hafdís fór ekki til Köben í júlí

- en bíður eftir góðu tilboði í ágúst enda haustlína Masai nýkomin í búðirnar.

Afríkusafari 2007



Áslaug Agnars (lengst t.v.) spyr heimamenn hvar næstu Masai-búð sé að finna.

Stór hópur kvenna úr Þjóðarbóklöðu ætlar í ævintýrasafari til Suður-Afríku í ágúst undir því yfirskiðni að sitja IFLA ráðstefnuna í Höfðaborg en í raun ætla þær að vitja geita Hildar Gunnlaugs. Þetta eru þær Ingibjörg Sverris, Áslaug Agnars, Halldóra Þorsteins, Hallfríður Baldurs, Ingibjörg Gísla og Bryndís Ísaks. Munu þær allar hafa sótt námskeið hjá Skotveiðifélagi Reykjavíkur í sumar. Hlöðver óskar þeim góðrar ferðar!